

Stjórn Upplýsingatækni í dreifbýli

Einar Einarsson, landsráðunautur, formaður

Arnbjörg Sveinsdóttir, alþingismaður

Björn Sigurðsson, útibússtjóri

Sólrún Ólafsdóttir, bóndi

Unnur Sævarsdóttir, bóndi

Framkvæmdastjóri

Árni Gunnarsson

Starfsmenn

Hrund Pétursdóttir

Snorri Styrkársson

Ábyrgðaraðili verkefnis

Landbúnaðarráðuneytið

Aðsetur Upplýsingatækni í dreifbýli

Aðalgata 21

550 Sauðárkrókur

S: 455 7100

F: 455 7101

ud@ud.is

www.ud.is

Efnisyfirlit

| | |
|---|-----------|
| Samantekt | 1 |
| Upplýsingatækni í dreifbýli | 2 |
| Staða og starf verkefnisins | 2 |
| Verkefni framundan | 3 |
| Samstarf UD og Bændasamtaka Íslands við Símann..... | 4 |
| <i>ISDN væðingu Símans að ljúka</i> | 4 |
| <i>Ný áskriftarleið</i> | 5 |
| Þátttaka í NPP-verkefnum | 6 |
| RuBIES - Framtíðarsýn..... | 6 |
| RuBIES - Aðgerðir | 7 |
| BIRRA verkefnið | 9 |
| Námskeið og kannanir | 12 |
| Þátttakendur..... | 12 |
| Netsamband..... | 14 |
| Notkun á tölvuforritum | 15 |
| Samantekt kannana | 15 |
| Rekstrarreikningur UD árin 2003 - 2004 | 16 |
| Viðauki 1 – Samantekt fagnámskeiða | 17 |

Samantekt

Upplýsingatækni í dreifbýli (UD), sem er átaksverkefni á vegum Landbúnaðarráðuneytisins, hóf göngu sína árið 2002. UD leggur áherslu á námskeið sem auðvelda bændum að nýta sér kosti upplýsingasamfélagsins. Þessi námskeið eru samstarfsverkefni UD, Bændasamtaka Íslands, búnaðarsambanda, leiðbeiningamiðstöðva og símenntunarmiðstöðva um land allt. Fjöldi þeirra sem nú þegar hafa sótt námskeið sem niðurgreidd eru af UD eru nú á þriðja þúsund. Þetta eru námskeið í almennri tölvunotkun, internetinu og forritum frá Bændasamtökum Íslands.

Velta UD fyrstu starfsárin nemur tæpum 50 milljónum og þar af var veltan árið 2004 um 18 milljónir. UD er fjármagnað með styrkjum úr ríkissjóði og frá fyrirtækjum og stofnunum. Einnig fær UD mikinn styrk frá Bændasamtökum Íslands og Símanum í formi þeirrar samvinnu sem hefur verið þeirra á milli. Frá því þetta samstarf hófst hefur Síminn skuldbundið sig til að bjóða öllum bændum fjarskiptasamband sem uppfyllir kröfur fjarskiptalaga. Allt fá því að UD hóf göngu sína árið 2002 hefur verið mikil bylting í fjarskiptamálum á Íslandi og er stefnt að því að í lok nóvember 2005 verði nær 100% íbúa landsins með aðgang að ISDN.

Marg er framundan og er enn verið að vinna að því að bæta aðgang íbúa í dreifbýli að upplýsingasamfélaginu. Skráning gripa í miðlæga gagnagrunni er að aukast og er stefnt að því að skráning alls búfenaðar í framtíðinni verði að öllu leyti miðlæg, en til þess þarf öflugar nettengingar til bænda.

UD átti upphaflega að vera til þriggja ára en vegna góðs árangurs var þar framlengt til ársloka 2006. Verkefnið er öflugasta átak til þessa í tölvukennslu og tæknivæðingu í dreifbýli á Íslandi.

Upplýsingatækni í dreifbýli

Upplýsingatækni í dreifbýli (UD) er átaksverkefni á vegum landbúnaðarráðuneytisins. Markmiðið þess er að auðvelda bændum að nýta sér kosti upplýsingasamfélagsins og hvetja til tölvu- og netvæðingar í dreifbýli. Verkefnið er öflugasta átakið til þessa í tölvukennslu og tæknivæðingu í dreifbýli á Íslandi. Til að sinna hlutverki sínu stendur UD fyrir námskeiðum, gerir úttektir, safnar og dreifir upplýsingum og efnir til samstarfs við fyrirtæki og stofnanir. Meginverkefni eru annars vegar námskeiðahald og niðurgreiðsla tölvunámskeiða fyrir bændur í samvinnu við Bændasamtök Íslands, búnaðarsambönd, leiðbeiningamiðstöðvar og símenntunarmiðstöðvar um allt land. Hins vegar þátttaka í afmörkuðum og skilgreindum upplýsingatækniverkefnum er nýttast hinum dreifðu byggðum.

Staða og starf verkefnisins

UD hóf göngu sína í byrjun árs 2002 en nokkur undirbúningsvinna hafði farið fram árið 2001. Í upphafi var ákveðið að UD skyldi verða þriggja ára átaksverkefni en yrði endurskoðað m.a. með hliðsjón af árangri þess. Ákveðið var að framlengja UD um síðustu áramót til tveggja ára og lýkur því verkefninu í lok árs 2006. Fyrir liggja samningar við styrktaraðila meðal fyrirtækja um stuðning við verkefnið út starfstíma þess.

Á fyrsta starfsári sóttu 435 nemendur námskeið sem greidd voru niður af átaksverkefninu. Fjöldi þáttakenda var 830 á árinu 2003 og um 546 á árinu 2004 (Sjá viðauka 1). Þátttakendur á námskeiðum á vegum UD frá upphafi eru nú nokkuð á þriðja þúsund og fjöldi kennslustunda í árslok 2004 voru rúmlega 21.000.

Sú nýbreytni var tekin upp árin 2004 og 2005 að bjóða upp á svokallaða eftirfylgni er felst í einstaklingsheimsóknunum til bænda eftir tölvunámskeið. Búnaðarsambönd og leiðbeiningamiðstöðvar hafa séð um framkvæmdina en UD greitt allan kostnað við það. Einstaklingsheimsóknir af þessu tagi eru kostnaðarsamar en hafa mælst afar vel fyrir og skilað miklum árangri.

Í lok ársins 2005 og á árinu 2006 verður tekið í notkun nýtt miðlægt búfjárræktarforrit fyrir sauðfjárbændur en með því verða allar upplýsingar í sauðfjárrækt færðar í sameiginlegan gagnagrunn. Það er afar mikilvægt að vel takist til við þetta stóra verkefni. Þess vegna er gert ráð fyrir að þeir fjármunir sem UD hefur úr að spila til námskeiðahalds á sínu síðasta starfsári renni að verulegum hluta til námskeiða fyrir sauðfjárbændur í hinu nýja forriti. Þá er einnig

áætlað að halda áfram að greiða niður almenn tölvanámskeið í samvinnu við símenntunarmiðstöðvar og búnaðarsambönd.

Samanlögð velta verkefnisins á fyrstu þremur starfsárunum nemur tæpum 50 milljónum króna. Velta samkvæmt ársreikningi 2004 var tæpar 18 milljónir króna. Þar af nam framlag úr ríkissjóði (Upplýsingasamfélagið og Fjárlaganefnd Alþingis) tæpum 8 milljónum króna. Styrkir frá fyrirtækjum og stofnunum námu um 10 milljónum króna. Helstu styrktaraðilar auk Upplýsingasamfélagsins eru: Framleiðnisjóður Landbúnaðarins, Bændasamtök Íslands, Kaupþing Banki hf., Olúfélagið hf., Síminn, RARIK og Kaupfélag Skagfirðinga. Rekstur starfsmanns og skrifstofu er að öllu leyti kostaður af styrktaraðilum úr atvinnulífinu, þannig að öll opinber framlög til verkefnisins nýtast að öllu leyti í þágu landbúnaðarins. Rétt er þó að geta þess að Bændasamtök Íslands og Kaupfélag Skagfirðinga leggja ekki til framlög í peningum heldur í formi vinnu, húsnæðis og aðstöðu.

Verkefni framundan

Bættur aðgangur íbúa í dreifbýli að upplýsingasamfélaginu er þarft verkefni, samanber inngangsorðum forsætisráðherra að stefnu ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið 2004-2007 segir: „Á nokkrum sviðum hefur þróunin þó orðið hægari en væntingar stóðu til. Víða um landið er enn takmarkaður aðgangur að háhraðatengingum við fjarskiptakerfið og í sumum tilvikum enginn. Úr þessu þarf að bæta með markvissum aðgerðum.” Frá því að þetta var ritað hefur aðgangur íbúa í dreifbýli að fjarskiptanetinu farið batnandi en þó eru mikilvæg viðfangsefni enn óleyst.

Skráning gripa í gagnagrunna búfjárræktarinnar fer nú að verulegu leyti fram í miðlægum gagnagrunnum og er stefnt að því að öll skráning verði miðlæg í framtíðinni. Til þess að þetta fyrirkomulag nái markmiðum sínum þurfa bændur að hafa viðunandi gagnaflutningasamband við fjarskiptanetið. Sömuleiðis verður það verð sem bændur greiða fyrir aðgang að fjarskiptanetinu að vera innan eðlilegra marka

Frá árinu 2003 hefur UD í samstarfi við Símann, Bændasamtök Íslands og fleiri aðila unnið að auknum og bættum nettengingum til bænda. Samstarfið við Símann hefur reynst vel og hefur flutningsgeta grunnnetsins í dreifbýli verið stórbætt á undanförunum misserum. Sú staðreynd blasir hins vegar við að þrátt fyrir að Síminn hafi uppfyllt kvaðir fjarskiptalaga um 128 kb/sek fjarskiptasamband (ISDN) þurfa íbúar í dreifbýli að greiða mínútagjald af tveimur símalínum til þess að hafa aðgang að 128 kb/sek tengingu við fjarskiptanetið. Þannig getur orðið til verulegur kostnaður við notkun á símalínum þurfi bændur eða íbúar í dreifbýli að

nota fjarskiptanetið af einhverju ráði. Íbúar í þéttbýli er hafa aðgengi að ADSL (512 kb/sek eða meira) tengingum fyrir fast mánaðargjald (um 5.000 kr/mán.) óháð notkun. Bændur og íbúar í dreifbýli hafa í vaxandi mæli fengið aðgang að ADSL tengingum fyrir fast gjald. Staðreyndin er hins vegar sú að íbúar í dreifbýli eru ennþá að borga mun meira heldur en aðrir fyrir viðunandi aðgang að fjarskiptanetinu. Því er það eitt stærsta hagsmunamál bænda er að þeim verði tryggður viðunandi aðgangur að upplýsingasamfélaginu.

Samstarf UD og Bændasamtaka Íslands við Símann

Síminn, Bændasamtök Íslands og Upplýsingatækni í dreifbýli hafa á undanförunum árum átt farsælt samstarf í að stuðla að aukinni þátttöku bænda í hinum dreifðu byggðum í upplýsingasamfélaginu með miklum árangri. Grundvöllurinn að samstarfi við Símann byggir á því að fyrirtækið hefur skuldbundið sig til að bjóða öllum bændum upp á fjarskiptasamband er uppfyllir lágmarkskvaðir fjarskiptalaga. Þá hafa fulltrúar Símans lýst yfir vilja fyrirtækisins til að halda áfram að stuðla að því að bændur geti nýtt sér þau upplýsingakerfi sem Bændasamtökin hafa byggt upp á internetinu. Þetta hyggst Síminn m.a. gera með því að bjóða bændum stafrænan gagnaflutning á hagstæðu verði.

ISDN væðingu Símans að ljúka

Síminn áformar að ljúka ISDN væðingu sinni í sveitum nú í nóvember 2005 með tengingu við um 30 bæi á Vestfjörðum. Þar með eiga nær 100% heimila landsins kost á stafrænu gagnaflutningssambandi um ISDN sem er einsdæmi í heiminum. Munurinn á ISDN og ADSL þjónustu felst í því að ADSL þjónustan er fyrst og fremst sniðin fyrir gagnaflutning í þéttbýli en ISDN þjónustan er bæði fyrir þéttbýli og dreifbýli og hefur mjög víðtæka notkunarmöguleika fyrir sambland af stafrænni tal- og gagnaflutningsþjónustu. Til þess að eiga möguleika á að tengjast ADSL verður viðkomandi að vera innan 3-5 km frá næstu sírstöð til þess að línan beri gagnaflutninginn á meðan ISDN nær, þegar best lætur, vel á annan tug km frá sírstöð. Það takmarkar því möguleika á uppbyggingu ADSL í dreifbýli og því hefur Síminn lagt áherslu á ISDN til að veita hágæða talsímaþjónustu til allra landsmanna auk lághraða gagnaflutningsþjónustu. Síminn hefur varið um 700 milljónum í uppbyggingu á símakerfinu frá árinu 2002 og hafa verið settar upp um 80 sírstöðvar til þess að þetta kerfið og gefa öllum landsmönnum kost á ISDN sambandi og meiri talgæðum.

Með ISDN býðst viðskiptavinum hágæða talsímaþjónusta sem einnig er hægt að nýta sem nettengingu. Með því fær viðskiptavinurinn tvær línur inn til sín og getur valið hvernig hann nýtir þær. Hægt er að nýta eina línu fyrir símaþjónustu, t.d. að hafa mörg símanúmer á sömu

línunni og möguleika á SMS, og aðra fyrir nettengingu. En jafnframt er mögulegt að nýta báðar línur fyrir símaþjónustu eða nettengingu og auka þannig hraðann upp í 128 kb/s. Að auki býðst viðskiptavinum ISDN plús, en með þeirri þjónustu geta viðskiptavinir verið sitengdir með lágum hraða og aukið hraðann að vild eftir hentugleika í allt að 128 kb/s. Þegar hraðinn er aukinn er notast við sekúndumælingu eins og í hefðbundnum símtölum hjá Símanum. Ekkert upphafsgjald er í innhringinúmer ISDN plús. Þjónustunni fylgir hugbúnaður á íslensku sem má nota með flestum nýrri gerðum ISDN-mótalda. Hugbúnaðurinn gerir notendum kleift að stilla hvort og hvenær er skipt á aukinn hraða. Auk þess er með hugbúnaðinum hægt að fylgjast með því hvort tölvupóstur hefur borist og fá að vita þegar símtöl berast á meðan á netsambandi stendur, hver afköstin eru á sambandinu og innbyggð dagbók sem heldur ferilskrá yfir tengingar.

Ný áskriftarleið

Um síðustu mánaðamót bauð Síminn ISDN plús viðskiptavinum sínum nýja áskriftarleið. Með áskriftarleiðinni er greitt fast mánaðargjald fyrir allt að 60 klukkustunda notkun á mánuði með ISDN plús. Með því er komið til móts við þarfir flestra viðskiptavina sem nota netið mikið eða kjósa að nýta upplýsingatæknina meira í náinni framtíð. Eftir 60 klukkustunda netnotkun er greitt venjulegt mínútuverð en engin upphafsgjöld eru innheimt, eins og tíðkast í hefðbundnum símtölum.

Þátttaka í NPP-verkefnum

UD er þátttakandi í tveimur Northern Periphery Plan - NPP verkefnum. Norðurslóðaáætlunin (NPP) er hluti af Interreg III B byggðaverkefni Evrópusambandsins (ESB), og nær til norðlægra svæða í Finnlandi, Svíþjóð, Noregi og Skotlandi ásamt Grænlandi, Færeyjum og Íslandi. Íslensk stjórnvöld eru aðili að NPP og hefur Byggðastofnun yfirumsjón með verkefnunum hér á landi. Verkefnin sem UD tekur þátt í eru Rural Business Information Exchange System (RuBIES) og Brodband in Rural and Remote Area (BIRRA).

Íslenski hluti RuBIES felst í aðalatriðum í framkvæmd kannana meðal bænda á net- og tölvunotkun og gerð miðlægs bókunargrunns fyrir Félag ferðaþjónustubænda. RuBIES verkefnið spannar þrjú ár og lýkur árið 2006.

Þá er UD ásamt Leiðbeiningamiðstöðinni á Sauðárkróki þátttakandi í verkefni um háhraðatengingar í dreifbýli er nefnist BIRRA. Íslenskir þátttakendur BIRRA eru auk þess Byggðastofnun, Ísafjarðarbær, Póst- og fjarskiptastofnun, Síminn og Sveitarfélagið Skagafjörður. BIRRA verkefninu lýkur einnig árið 2006 en það spannar 18 mánuði og er nokkurskonar forverkefni að stærra verkefni eða verkefnum

RuBIES - Framtíðarsýn

Breytingar hafa verið örar í ferðaþjónustu á sviði markaðs- og kynningarstarfsemi. Sífellt stærri hluti kynningar og sölu fer fram með beinni sölu til viðskiptavina, þar ræður mestu aukin notkun á internetinu en einnig aðrar breytingar í viðskiptaumhverfi ferðaþjónustunnar. Netið hefur þannig opnað aðgengi að nýjum upplýsingum og jafnframt tækifærum fyrir einstaka aðila í ferðaþjónustu. Söluferlið frá bónda til notanda að gistingu hefur samhliða tekið miklum breytingum. Mikilvægi markaðsstarfsins og að vera á réttum stað og tíma með vöru eða þjónustu hefur færst frá samningum við einstakar ferðaheildsölur til þess að vera með beinan aðgang notanda þjónustunnar við ferðaþjónustubóndann sjálfann. Með aukinni samkeppni í sölu á þjónustu munu þeir sem bjóða hagkvæmustu og fljótlegustu söluaðferðina standa upp úr. Þar er skjót og örugg úrvinnsla upplýsinga ásamt frágangi (lokun) söluferla hvað mest áriðandi.

Ferðaþjónustubændur þurfa samhæft viðskiptaumhverfi (söluferfi) vegna fjölda og smæðar hvers og eins. Neytandinn hvort sem hann er á eigin vegum eða í stærri hóp vill geta valið úr ýmsum möguleikum. Ferðaþjónustubændur eru hluti af virðisæðju sem nauðsynlegt er að samvirkja til að lágmarka kostnað við markaðssetningu en einnig til að geta komið á framfæri

sameiginlegu markaðsmerki (sérstöðu – “brandi”). Ef ferðþjónustubændur geta stjórnað eigin sölukerfi mun slík staða skila þeim í senn góðu skilaverði fyrir selda þjónustu, aukin viðskipti og betri nýtingu á gistirými.

Ferðþjónustubændur reka sameiginlega ferðþjónustu undir merkjum Ferðþjónustu bænda. Megin verkefni ferðaskrifstofunnar hefur verið að selja þjónustu ferðþjónustubænda, semja við ferðaheildsala og annast annað markaðsstarf á sameiginlegum vettvangi. Undanfarin ár hefur salan þróast frá viðskiptum við ferðaheildsala með megináherslu á stærri hópa yfir í beina og milliliðalaus (-lítill) kaup einstaklinga á ferðþjónustu, í flestum tilfellum á netinu. Staða ferðþjónustubænda er veik í þessari markaðsstarfsemi vegna tilkostnaðar við gerð efnis sem og aðra markaðssetningu auk annarra þátta s.s netsambanda. Í samvinnu við UD og Bændasamtök Íslands hefur komið í ljós að ekki er til ódýrt og gott samhæft kerfi fyrir ferðþjónustubændur. Staða Ferðþjónustu bænda hf. þarf að hafa styrka stöðu meðal bændanna sjálfra en styrk staða skapast fyrst og fremst með góðu og öflugum markaðskerfi og árangri fyrirtækisins.

Miðlægur bókunargrunnur fyrir ferðþjónustubændur ásamt samhæfðu upplýsinga- og sölukerfi með internetið sem samskiptatæki er forsenda árangurs í framtíðinni. Ávinningur miðlægs kerfis er; betri yfirsýn yfir framboðna gistingu hjá ferðþjónustubændum, sölufrelsi gistingar verður hraðvirk og allt að því sjálfvirk. Einnig lækkar kostnaður við hverja bókun/sölu.

RuBIES - Aðgerðir

Íslenski hluti RuBIES verkefnisins er að kanna og styðja við möglega lausn fyrir miðlægan bókunargrunn fyrir ferðþjónustubændur.

Haldnir hafa verið margir undirbúningsfundir með forsvarsmönnum Félags Ferðþjónustubænda og markaðsfyrirtæki þeirra Ferðþjónustu bænda hf. Eftir nokkra skoðun og yfirlegu var undirritaður samningur milli Upplýsingatækni í dreifbýli og Félags ferðþjónustubænda 30.6. 2004. Í samningnum er kveðið á um sameiginlegan ásetning aðila um að vinna að gerð og uppsetningu miðlægs bókunargrunns fyrir ferðþjónustubændur á Íslandi og að markmiðið sé að koma á fót gagnvirku, miðlægu sölu- og upplýsingakerfi fyrir ferðþjónustubændur og viðskiptavinum þeirra, byggða á notkun internetsins og upplýsingatækninnar.

Verkefnið er að skilgreina, þróa, smíða, setja upp og taka í notkun kerfi sem byggir á:


- a) Notkun internetsins sem samkiptatæki fyrir bæði ferðaþjónustubændur og viðskiptavini þeirra með miðlægan bókunargrunn sem miðju.
- b) Miðlægum bókunargrunni vistuðum hjá Ferðaþjónustu bænda hf. og á gagnagrunni er gefur möguleika á tengingum við önnur kerfi og annan hugbúnað.
- c) Upplýsingakerfi fyrir Ferðaþjónustu bænda hf tengt við miðlæga bókunargrunninn
- d) Hugsanlega hliðarkerfum eða öðrum kerfum fyrir ferðaþjónustubændur, aðra ferðaheildsala og bílaleigur tengdum við miðlægan bókunargrunn.

Í samningnum var kveðið á um tímaramma fyrir verkefnið. Unnið er í samræmi við þennan samning. Vinnan hefur að vísu dregist nokkuð, þannig að ljóst er að tímaramminn hefur ekki staðist. Nú er mestu af grunn skilgreiningarvinnunni lokið og er verið að leyta að samstarfsaðilum til að leggja fram hugmyndir að hugbúnaðarlausnum til að nota í verkefninu. Mikið og nokkuð flókið verkefni er að skilgreina umferðarreglur í þessu kerfi þ.e. hver hefur ráðstöfunarrétt á einstökum þáttum ferlisins á hverjum tíma. Grunn skilgreiningin fyrir kerfið sjáft er eftirfarandi:

- a) Kerfið er þróað með þarfir ferðaþjónustaðila á landsbyggðinni í huga.
- b) Kerfið verður eign ferðaþjónustuaðilanna og þeirra hagsmunir eru í fyrirrúmi.
- c) Kerfið verður opið þeim aðilum sem hafa hag sinn af því að vinna með ferðaþjónustu á landsbyggðinni.
- d) Kerfið verði vistað hjá og rekið af Ferðaþjónustu bænda hf.
- e) Kerfið verður nútímalegt viðskiptaumhverfi á netinu sem laðar að viðskipti.
- f) Kerfið einfaldar og stytir vinnuferla innan Ferðaþjónustu bænda hf. og hjá ferðaþjónustubændum.
- g) Kerfið minnkar vinnu á bak við selda þjónustu og eykur þar með framleiðni ferðaþjónustubænda og sölukerfis þeirra.
- h) Kerfið auðveldar yfirsýn yfir óseldar gistinætur og aðra þjónustu hjá ferðaþjónustubændum.
- i) Kerfið getur selt gistingu og aðra þjónustu á rauntíma úr fyrirframsettum lager.
- j) Kerfið gefur ferðaþjónustubændum kost á að setja sína þjónustu inn í rafrænt sölukerfi á netinu.

- k) Kerfið á að tengja saman staðbundið kerfi gistiaðila við bókunargrunninn með netsambandi.

Yfirlitsmynd af verkefninu um miðlægur bókunargrunn fyrir ferðabjónustubændur



BIRRA verkefnið

Íslenskir þátttakendur Brodband in Rural and Remote Area (BIRRA) eru Byggðastofnun, IMG á Íslandi, Leiðbeiningamiðstöðin, Póst- og fjarskiptastofnun, Síminn og UD. BIRRA er hugsað sem forverkefni að öðrum og stærri verkefnum á sviði háhraðatenginga í dreifbýli og hagnýtingu upplýsingasamfélagsins.

Helstu markmið verkefnisins eru:

- Að hanna verkfæri til að skilgreina stöðu þeirra sveitarfélaga, eða afmarkaðra svæða á sviði upplýsingatækni, þar sem horft er til þátta eins og e-learning, e-care, e-work, e-government, e-business. Íslenska áherslan í verkefninu er á stöðugreiningu, markmiðasetningu/framtíðarsýn, áætlanagerð og lausnum.

- Að flýta fyrir framþróun á sviði hagnýtingar upplýsingatækninnar og stuðla að jöfnu aðgengi að þeim tækifærum sem hún veitir.
- Að hagnýta sér upplýsingar ásamt sérfræðipækkingu samstarfsaðila og annarra við lausn sameiginlegra viðfangsefna, jafnframt því að mynda gagnleg tengslanet.

Hugmyndin að BIRRA verkefninu kemur upphaflega frá Kemi-Tornio Polytechnic (KTP) í Finnlandi en það var kynnt á ráðstefnu í Bodo í Noregi 5.-7. maí 2004. Verkefnið var samþykkt af NPP þann 17. desember 2004 og hófst í byrjun árs 2005. Gert er ráð fyrir að því ljúki sumarið 2006. Lokaráðstefna verkefnisins verður haldin á Íslandi í júní 2006 þar sem gerð verður grein fyrir niðurstöðum þess.

Þátttakendur í verkefninu eru:

Ísland:

- Ísafjarðarbær, bændur í dreifbýli á norðanverðum Vestfjörðum
- Sveitarfélagið Skagafjörður
- Byggðastofnun
- Síminn
- Póst og Fjarskiptastofnun
- IMG Deloitte ehf
- Upplýsingatækni í dreifbýli – Leiðbeiningamiðstöðin ehf

Finland:

- Kemi Tornio Polytechnic (KTP)
- Regional Council of Lapland
- Regional Council of Kainuu

Svíþjóð:

- The Association of Local Authorities in Vasternorrland

Skotland:

- Western Isles Enterprise - Highlands and Islands
- Comhairle na Eilean Siar – Western Isles

Í verkefninu er búið til verkfæri til að skilgreina stöðu sveitarfélaga á sviði upplýsingatækni. Skilgreindur verður ákveðinn stigi (e-ladder) þar sem núverandi staða sveitarfélags er skilgreind í ákveðnu þrepi er varðar viðkomandi svið upplýsingatækninnar, þ.e. á sviði menntunar, vinnu, stjórnsýslu, viðskipta, heilsugæslu og jafnvel menningarmála. Markmið sveitarfélags er væntanlega að flytjast upp um eitt þrep eða fleiri í viðkomandi þætti í stiganum.

Til að flytjast upp stigann þarf upplýsingar um hvað þurfi til. Það gætu verið upplýsingar um tækniforsendur, grunngerð, menntun, skipulag, aðferðir og kostnað. Verkefnið skilar áætlun um hvernig best sé að flytja sig á milli þrepa og þá gagnast þær reynslulýsingar sem finna má á gagnavef verkefnisins. Lausnin mun innihalda kostnaðargreiningu og upplýsingar um mögulega fjármögnun þar sem fjallað verður um hlut einstaklinga/íbúa, sveitarfélags, fjarskipatfyrirtækjanna og ríkisins.

Verkefninu er skipt í 6 verkþætti

- WP1: Verkefnisstjórn (Stjórnandi Finnland)
- WP2: Greining á stöðu fjarskipta- og upplýsingatækni ásamt kostnaði (Finnland)
- WP3: Greining á stöðu, þörfum og aðgengi að þjónustu ásamt kostnaði (Svíðþjóð)
- WP4: Læra af reynslu annara þjóða (Ísland)
- WP5: Skilgreina þróunarferli – NPP Ladder (Skotland)
- WP6: Kynning og málþing/ráðstefnur

Hlutur Íslands í verkefninu er að safna saman reynslu sem skapast hefur bæði meðal þátttökulandanna og víðar (WP4).

- Safna reynslusögum frá samstarfsþjóðunum og öðrum þjóðum og tengja þær við skref innan þróunarstigans (e-Ladder).
- Safnað verður kennslugögnum, viðskiptaáætlunum, teikingum o.s.frv.
- Halda hugarflugsfundi sem og málþing í tengslum við þá vinnu sem fram fer í verkefninu.
- Reynslusögurnar verða gerðar aðgengilegar á netinu en þó þannig að notendur verða að sækja um aðgang að efnum sem safnað verður.


Námskeið og kannanir

Allt frá því að UD hóf göngu sína hefur megináhersla verið lögð á fjármögnun tölvunámskeiða í almennum forritum og fagforritum í samvinnu við Bændasamtök Íslands, búnaðarsambönd, leiðbeiningamiðstöðvar og símenntunarmiðstöðvar um allt land. Um 2.000 manns höfðu tekið þátt í námskeiðum á vegum UD í lok árs 2004. Mikla þátttöku á má meðal annars skýra með uppsafnaðri þörf meðal bænda fyrir námskeið af þessu tagi. Þá er einnig ljóst að 80% niðurgreiðsla UD á námskeiðsgjöldum hefur ýtt undir þátttöku.

Þátttakendur á námskeiðum sem styrkt eru af UD hafa frá árinu 2003 fengið í hendur spurningakönnun um tölvunotkun og fjarskipti. Meðal þess sem spurt er um er; hvernig viðkomandi er tengdur við netið, kostnaður vegna nettengingar, þörf fyrir námskeið o.s.frv. Þátttaka í könnuninni hefur því miður ekki verið jafn mikil og æskilegt er en fullnægjandi svör bárust frá 250 þáttakendum á 22 námskeiðum sem haldin voru á vegum Upplýsingatækni í dreifbýli á árunum 2003-2004. Flestir af þeim sem svöruðu fóru á námskeið í jarðræktarforritinu NPK, námskeið í dkBúbót og grunnnámskeið í tölvunotkun. Námskeiðin voru haldin um allt land á stafssvæðum viðkomandi landbúnaðarsambanda og símenntunarmiðstöðva. Nokkrum vonbrigðum veldur að ekki bárust fleiri fullnægjandi svör.


Þátttakendur

Alls svöruðu 250 einstaklingar. Þar af voru 166 karlar og 84 konur. Aldursdreifing var nokkuð jöfn og voru flestir á aldrinum 35 – 50 ára.



Af þeim sem tóku þátt í könnuninni eru 96% sem stunduðu búskap og af þeim eru flestir í

mjólkurframleiðslu. Þar á eftir kemur sauðfjárrækt og nautgriparækt. Aðrir eru í kartöflurækt, ferðabjónustu, garðplönturækt, kjúklingarækt, svínarækt o.fl.



Þónokkuð er um að fólk sé með aukabúgreinar og er það þá helst sauðfjárrækt, hrossarækt og nautgriparækt. 32% þeirra sem stunda búskap leggja einnig stund á aðra vinnu. Algengustu störfin eru félagsmál, bókhald, kennsla og verktakavinna. Ekki er vitað hvort vinnan sé bundin tímabilum eða árstíðum né hvert starfshlutfallið er.

Fólk er í flestum tilfellum sáttt við námskeiðin og voru 80 % þáttakenda sammála um að hafa haft mikið gagn af þeim námskeiðum sem þeir sóttu. Margir höfðu áður sótt tölvunámskeið eða 64% og töldu þeir sig, í flestum tilfellum, þurfa á fleiri tölvunámskeiðum að halda. 35,2% þáttakenda höfðu ekki sótt tölvunámskeið áður og 0,8% svöruðu ekki. Í hópi þeirra sem höfðu sótt tölvunámskeið var algengast að fólk hefði áður lært á DK-búbót, Fjárvis og farið á almennt tölvunámskeið. Færri höfðu sótt námskeið í Excel, Word, NPK, Ískýr og fleiri forritum. Aðeins 7% þáttakenda töldu sig ekki þurfa á öðru námskeiði að halda og 17% svöruðu ekki. Af þeim 75% sem höfðu áhuga á að sækja fleiri tölvunámskeið vildu flestir fara á námskeið í DK-búbót. Aðrir vildu fara á námskeið í Excel, Word, forriti frá Búnaðarsambandi Íslands eða á almennt tölvunámskeið. Tæplega helmingur þeirra sem tóku þátt í námskeiðum á vegum UD höfðu áhuga á að fara á framhaldsnámskeið í því sama og þeir voru í.


Í könnuninni var borin upp spurning um það hvað betur mætti fara við framkvæmd á námskeiðum. Svarhlutfallið var lítið og voru aðeins 6,5% af þáttakendum sem settu inn athugasemd.

Helstu athugasemdir varðandi námskeiðin:

| | |
|------------------|---|
| Námskeið: | <ul style="list-style-type: none">• Láta nemendur framkvæma verkefni í tölvu á meðan kennslu stendur• Of mikið efni á litlum tíma• Hefði kannski mátt gefa sér klst. lengur í hvert forrit• Fara hægar yfir námsefnið• Hafa námskeiðið lengra• Má auglýsa námskeiðin betur• Styttri tími á dag og frekar oft• Of miklar upplýsingar á stuttum tíma• Hafa námskeið að vetri til þegar tími er til að helga sig verkefnum, ekki að vori þegar allt er komið á fullt í vorverkum.• Nýta tímann betur – jafnvel dagsnámskeið• Þurr fyrirlestur um tölvuforrit er ekki vænlegur til árangurs. Vinna við sjálf forritin er alltaf best. Tímasetning óhentug, flestir reyna orðið að kaupa áburð fyrir áramótin því ætti svona námskeið að vera í okt-nóv.• Hafa tölvumann með á svæðinu• Efnið einskorðað við hefðbundinn búskap, aðallega kúabændur• Almenn vankunnátta hjá fólki á tölvur og því sem þeim er tengt |
|------------------|---|

Netsamband

Kannað var hvort fólk væri tengt við netið og þá með hvaða tengingu. Kom þá í ljós að flestir voru með ISDN eða 56 Kb móttald.



Kemur það ekki á óvart þar sem ekki er boðið upp á ADSL eða sambærilegar tengingar í dreifbýli landsins. Samkvæmt upplýsingum hefur orðið mikil aukning á ISDN tengingum í dreifbýli eftir að Síminn fór að bjóða bændum upp á þessa tengingu á hagstæðum kjörum.

Fólk virðist eyða misjafnlega miklum tíma í að vera á netinu og virtust flestir eyða að meðaltali frá einum og upp í þrjá tíma á viku. Ástæða fyrir lítilli netnotkun var í flestum

tilfellum kunnáttuleysi eða ófullnægjandi netsamband. Aðrir töldu kostnað og ófullnægjandi tölvubúnað hamla netnotkun sinni og sumir sögðust vera of latir.

Notkun á tölvuforritum

Flestir þáttakendur (90,4%) höfðu notað einhver tölvuforrit fyrir námskeiði en 9,6% svöruðu ekki. Skipting þáttakenda sem áður höfðu notað tölvuforrit var eftirfarandi (Hægt var að velja fleiri en eitt forrit):

- 48% höfðu notað Excel.
- 61,2% höfðu notað Word.
- 15,2% höfðu notað PowerPoint.
- 2,4% höfðu notað Access.
- 39,2% höfðu notað pósthforrit.
- 69,2% höfðu notað fagforrit frá Búnaðarsambandi Íslands.

Samkvæmt þessu hafa flestir prófað fagforrit frá Búnaðarsambandi Íslands. Af þeim forritum höfðu flestir einhverja reynslu af dkBúbót (44%), þar á eftir kemur Fjárvis (26%), NPK jarðræktarforritið (16,8%), Ískýr (11,6%), WorldFengur (4,4%), CFC Avl (2%) og minnsta notkun var á AgroSoft (1,2%).

Samantekt kannana

Árið 2004 var 31% af þáttakendum sem skiluðu inn svörum við könnun en árið 2003 var hlutfallið 10,7% sem er mjög lítið. Kannanirnar sýna að áhugi er fyrir framhaldi af þessum námskeiðum auk þess sem nettengingar virðast vera komnar vel á veg víða á landinu. Margir eru komnir með ISDN sem er öflugasta tenging sem hægt er að fá í dreifbýli. Með þessu áframhaldi er líklegt að netvæðing flestra bænda á landinu sé ekki skammt undan.

Rekstrarreikningur UD árin 2003 - 2004

Rekstrarreikningur ársins 2004.

| | Skýr. | 2004 | 2003 |
|--|-------|-------------------|-------------------|
| Rekstrartekjur: | | | |
| Framlög..... | 1 | 17.948.500 | 18.571.500 |
| <i>Rekstrartekjur alls</i> | | <u>17.948.500</u> | <u>18.571.500</u> |
| Rekstrargjöld: | | | |
| Laun og launatengd gjöld..... | 3 | 2.612.231 | 2.123.196 |
| Annar rekstrarkostnaður..... | 4 | 15.174.144 | 17.942.521 |
| <i>Rekstrargjöld alls</i> | | <u>17.786.375</u> | <u>20.065.717</u> |
| Hagnaður (tap) án fjármagnsliða | | 162.125 | -1.494.217 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld): | | | |
| Vaxtatekjur og verðbætur..... | 6 | 46.672 | 27.772 |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur... | 7 | -10.620 | -9.246 |
| | | <u>36.052</u> | <u>18.526</u> |
| Hagnaður (tap) af reglulegri sarfsemi..... | | <u>198.177</u> | <u>-1.475.691</u> |
| Aðrar tekjur: | | | |
| Hagnaður (tap) ársins..... | | <u>198.177</u> | <u>-1.475.691</u> |

Viðauki 1 – Samantekt fagnámskeiða

Samantekt fagnámskeiða sem styrkt voru af UD á árinu 2002

Námskeið í fagforritum Bændasamtaka Íslands á vegum búnaðarsambanda og Bl.

| Staðsetning námskeiðs | DkBúbót | NPK | Ískýr | Alls |
|------------------------------|------------|-----------|-----------|------------|
| Búnaðarsamband Suðurlands | 137 | | | 137 |
| Búgarður Eyjafjs./Þingeyjas. | 72 | 7 | 26 | 105 |
| Búnaðarsamtök Vesturlands | 14 | | | 14 |
| Ráðanautþjón. Hún/Stranda | 36 | 7 | | 43 |
| Búnaðarsamb. A.-Skaft. | 14 | | 5 | 19 |
| Leiðbeiningamiðstöðin ehf | 16 | 11 | | 27 |
| Samtals | 289 | 25 | 31 | 345 |

Kennslufjöldi: 2960 árið 2002

Önnur námskeið en fagforritanámskeið

| Staðsetning/teg námskeiðs | Fj.þátt. | Fj.kest. | Samtals |
|--|-----------|----------|-------------|
| Akureyri/Búg. Grunnámskeið 2 | 25 | 36 | 900 |
| Laugum/Búg. Grunnámskeið | 5 | 32 | 160 |
| Þingeyjas./Búg. Grunnámsk. (nokkur) | 8 | 24 | 192 |
| Þingeyjas./Búg. Frontpage | 1 | 24 | 24 |
| Akureyri/Búg. Alhliða tölvunámskeið | 1 | 88 | 88 |
| Skagafj.Leiðb. Grunnáms. (tvö) | 18 | 18 | 324 |
| Hvammst. Tölvu-skrifstofutækni | 4 | 88 | 352 |
| Hvammst. Tölvu-skrifstofutækni | 1 | 60 | 60 |
| Sauðárkrókur Tölv.Skrifstofu (tvö) | 2 | 60 | 120 |
| Búðardalur Internet | 1 | 180 | 180 |
| Akranes Internet/ritvinnsla | 1 | 42 | 42 |
| Akranes Grunn/Intern/ritvinnsla | 1 | 60 | 60 |
| Borganes/Stykkish. Internet | 4 | 18 | 72 |
| Selfoss/BSSL Upplýsingatækni | 16 | 20 | 320 |
| A-Skaft. Ritvinnsla/töflureiknir | 2 | 8 | 16 |
| Samtals fjöldi þáttak./kennslust. | 90 | | 2910 |

Niðurstöður ársins 2002

Samtals fjöldi nemenda styrktur af UD 435
Samtals fjöldi kennslustunda 5780

Samantekt fagnámskeiða sem styrkt voru af UD á árinu 2003

| Staðsetning námskeiðs | DkBúbót | NPK | Ískýr | Alls |
|------------------------------|------------|------------|-----------|------------|
| Búnaðarsamband Suðurlands | 81 | 41 | 10 | 132 |
| Búgarður Eyjafjs./Þingeyjas. | 81 | 5 | 15 | 101 |
| Búnaðarsamtök Vesturlands | 126 | 60 | 39 | 225 |
| Ráðanautabjón. Hún/Stranda | 24 | | 9 | 33 |
| Búnaðarsamb. A.-Skaft. | 7 | 6 | | 13 |
| Leiðbeiningamiðstöðin ehf | 49 | | | 49 |
| Búnaðarsamband Austurlands | 63 | 8 | 13 | 84 |
| Samtals | 431 | 120 | 86 | 637 |

Kennslufjöldi: 6266

Önnur námskeið en fagforritanámskeið

| Staðsetning/teg námskeiðs | Fj.þátt. | Fj.kest. | Samtals |
|--|------------|----------|-------------|
| Hólmavík/Ráðun.þj. Grunnnámskeið | 12 | 30 | 360 |
| Hvammst./Ráðun.þj. Grunnnámskeið | 9 | 30 | 270 |
| Blönduós/Ráðun.þj. Grunnnámskeið (3) | 36 | 30 | 1080 |
| Hofsós/LBM Almennur grunnur | 12 | 18 | 216 |
| Fræðusl.N-Þing. Grunn 50 ára og eldri | 28 | 2 | 56 |
| Vík,Mýrdal/BSSL Grunn-BVT | 18 | 28 | 504 |
| FNA Egilsstaðir Hagnýt tölvunotkun | 7 | 18 | 126 |
| FNA Egilsstaðir Excel grunnur | 3 | 18 | 54 |
| FNA Djúpvogvi Word ritvinnsla (tvö) | 13 | 14 | 182 |
| FNA Egilsstaðir Word ritvinnsla | 4 | 14 | 56 |
| FNA Djúpvogvi Vinur minn tölvan | 14 | 12 | 168 |
| FNA Egilsstaðir Vinur minn tölvan | 5 | 12 | 60 |
| Símennt Vesturlands Skrifst. | 32 | 20 | 642 |
| Samtals fjöldi þáttak./kennslust. | 193 | | 3774 |

Niðurstöður ársins 2003

Samtals fjöldi nemenda styrktur af UD 830
Samtals fjöldi kennslustunda 10040

Samantekt fagnámskeiða sem styrkt voru af UD á árinu 2004

Námskeið í fagforritum Bændasamtaka Íslands á vegum búnaðarsambanda og Bl.

| Staðsetning námskeiðs | DkBúbót | NPK | Ískýr | Alls |
|------------------------------|------------|----------|----------|------------|
| Búnaðarsamband Suðurlands | 109 | | | 109 |
| Búgarður Eyjafjs./Þingeyjas. | 96 | | | 96 |
| Búnaðarsamtök Vesturlands | 85 | 7 | 8 | 100 |
| Ráðanautabjón. Hún/Stranda | 64 | | | 64 |
| Búnaðarsamb. A.-Skaft. | 7 | | | 7 |
| Leiðbeiningamiðstöðin ehf | 32 | | | 32 |
| Búnaðarsamband Austurlands | 57 | | | 57 |
| Samtals | 450 | 7 | 8 | 465 |

Kennslufjöldi: 5542

Önnur námskeið en fagforritanámskeið

| Staðsetning/teg námskeiðs | Fj.þátt. | Fj.kest. | Samtals |
|--|-----------|----------|-------------|
| Mývatnsveit/Búgarður Grunnámsk. | 4 | 15 | 60 |
| Þórsh/Kópask/Lundi Grunnámsk. | 5 | 24 | 120 |
| Húsavík Grunnámsk. | 2 | 20 | 40 |
| Símei Byrjendur 1 | 10 | 24 | 240 |
| Símei Byrjendur 2 | 9 | 24 | 216 |
| Símei Excel námskeið | 12 | 20 | 240 |
| Blönduós/Ráðun.þj. Excel | 9 | 21 | 189 |
| Varmahlíð/LBM Byrjenda námsk. | 12 | 24 | 288 |
| Varmahlíð/LBM Framhaldsnámsk. | 7 | 24 | 168 |
| Varmahlíð/LBM Internet | 10 | 24 | 240 |
| Sauðárkrókur 96st.Tölvunámsk | 1 | 96 | 96 |
| Samtals fjöldi þáttak./kennslust. | 81 | | 1897 |

Niðurstöður ársins 2004

Samtals fjöldi nemenda styrktur af UD 546
Samtals fjöldi kennslustunda 7439